

**Ed.**

**800. Breytingartillögur**

[243. mál]

við frv. til l. um Veðurstofu Íslands.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Veðurstofa Íslands starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra.  
Hlutverk Veðurstofu Íslands er að annast veðurþjónustu fyrir Ísland og umhverfi þess, svo og vinna að rannsóknum á sviði veðurfræði og annarra þeirra greina er falla undir starfssvið hennar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Veðurstofustjóri, sem ráðherra skipar til 5 ára í senn, hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar.  
Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum veðurstofustjóra.  
Ákvæði um menntun starfsmanna skulu sett í reglugerð.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Verkefni Veðurstofunnar skulu vera sem hér segir:
  1. að koma á fót veðurstöðvum og starfrækja þær, sjálfvirkar eða mannaðar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra;
  2. að safna daglega veðurskeytum, innlendum og erlendum, tiltækum veðrupplýsingum frá gervihnöttum og sjálfvirkum stöðvum, sjá um að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og dreifa þeim og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug;
  3. að afla upplýsinga um hafis og senda út ísfragnir til skipa þegar ástæða þykir til;
  4. að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra og safna upplýsingum um jarðskjálfta og hægar jarðskorpuhreyfingar tengdar jarðskjálftum; enn fremur að safna upplýsingum um eldgos og öskufall þegar ástæða þykir til;
  5. að safna gögnum til rannsókna á veðurfari Íslands, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarskýrslur;
  6. að gera athuganir og mælingar á mengun í lofti og úrkomu;
  7. að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstakri hliðsjón af snjóflóðahættu, gefa út viðvaranir um hættu á snjóflóðum eftir því sem við verður komið og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvernig standa beri að takmörkun mannvirkjagerðar á hættusvæðum; jafnframt að huga að veðurfarslegum og jarðfræðilegum þáttum er valda skriðuföllum og rannsaka þá;
  8. að fylgjast með framförum og þróun í veðurfræði og öðrum greinum á starfssviði Veðurstofunnar, svo og að vinna að rannsóknum í þeim fræðigreinum; skal markmið rannsókna meðal annars vera að bæta veðurþjónustuna, auka þekkingu á veðurfari og náttúru landsins og gera stofnuninni kleift að láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, mannvirkjagerðar, nýtingar orkulinda, öryggismála og annarra þarfa landsmanna;
  9. að annast samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina, svo og önnur milliríkjasamskipti innan verkahings Veðurstofunnar;
  10. annað það er ráðherra kann að ákveða að falli undir verksvið Veðurstofunnar.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Ráðherra ákveður í gjaldskrá greiðslur þær sem innna ber af hendi til Veðurstofu Íslands fyrir þá þjónustu sem hún veitir.